# Ferli við vinnslu stjórnarfrumvarpa

## Yfirlitsmynd 2

**Tímalína stjórnarfrumvarps - seinni hluti**

### Þingflokkar stjórnarflokka

Fyrirvari:
- Samþykki ríkisstjórnar er að jafnaði skilyrt samþykki þingflokka stjórnarflokkanna
- Fagráðuneyti sendir málið til þingflokka stjórnarflokk-anna
- Reglulegir fundir þing-flokka eru á mán. og mið.

Skjöl til þingflokka:
1) Frumvarp
2) Fylgibréf
3) Minnisblað
4) Umsögn FJR v/LOF (í þeim undantekningartilvikum að hún hefur verið veitt)
5) Önnur fylgiskjöl eftir atvikum

Afgreiðsla:
- Þingflokkar tilkynna afgreiðslur sínar til FOR og fagráðuneytis
- FOR sendir fagráðuneyti "prentskjal" til lokafrágangs fyrir prentun

### Áritun forseta Íslands v/framlagningar

Skilyrði:
- Til að frumvarp verði lagt fram á Alþingi (þ.e. útbýtt eða birt á vef) þarf samþykki forseta Íslands að liggja fyrir
- Fagráðuneyti sendir FOR (sem annast milli-göngu) tillögu til forseta Íslands um framlagningu frumvarpsins fyrir Alþingi. Áður þarf afstaða FJR v/LOF að vera orðin ljós.

Skjöl til forseta:
1) Tillaga fagráðuneytis um framlagningu
2) Tvö afrit af frumvarpi
3) Fylgibréf til ríkisráðs-ritara (beiðni um milli-göngu)

Afgreiðsla:
- FOR upplýsir Alþingi og fagráðuneyti um undirritun

### Framlagning á Alþingi

„Prentskipun“ og áritun:
- Skilyrði þess að frumvarp verði lagt fram á Alþingi eru að skrifstofa Alþingis hafi vitneskju um eftirtalið:
1) Samþykki (áritun) forseta liggi fyrir
2) Frumvarpið sé tilbúið, þ.e. framlagningarbréf fagráðuneytis komið og fagráðuneyti búið að gefa „prentskipun“ til prentsmiðju

Tímasetningar:
- Huga þarf að starfsáætlun Alþingis og dagskrá ráðherra til að átta sig á mögulegum tímasetningum við meðferð málsins á Alþingi (útbýting, dagskrá, ræða frummælanda/ráð-herra)
- Skjölum er útbýtt á þingfundum, sem standa mislengi yfir
- Útbýta þarf skjali tveimur nóttum áður en ráðherra á að mæla fyrir því
- Tengja þarf viðkomandi mál fagráðuneytis í Samráðsgátt stjórnvalda á Ísland.is við samsvarandi þingmál

**Skjöl til Alþingis:**
1) Framlagningarbréf
2) Frumvarp
3) Önnur fylgiskjöl eftir atvikum
4) Vinnugögn til þingnefndar, í kjölfar framlagningar: -
- Samanburðarskjal (sýnir gildandi ákvæði í samanburði við tillögu um breyttan texta)
- Nánari upplýsingar (eftir atvikum) um samráð við meðferð málsins, svo sem í Samráðsgáttinni á Ísland.is

Afgreiðsla:
- Alþingi gerir ráðuneyti og FOR viðvart um samþykkt frumvarps á Alþingi. Fagráðuneyti hugar að mögulegum breytingum frá upphaflegu frumvarpi, þar á meðal áhrifum á kostnað.

### Staðfesting forseta Íslands á samþykktum lögum

Frestur:
- Ráðherra/fagráðuneyti hefur 14 daga til að leita staðfestingar forseta á samþykktu lagafrumvarpi. FOR/ríkisráðsritari hefur milligöngu.

Skjöl til forseta:
1) Tillaga um staðfestingu laganna
2) Forsetabréf/Handhafabréf (sem lögin eru saumuð inn í)
3) Tvö eintök af lögunum
4) Fylgibréf

Að fenginni áritun:
- FOR/ríkisráðsritari innsiglar skjalið í forsetabréfi og endur-sendir til fagráðuneytis með bréfi
- FOR/ríkisráðsritari sendir lögin til Stjórnartíðinda, afrit á fagráðuneyti

### Birting og innleiðing

Stjórnartíðindi:
- Alþingi sendir samþykkt lög til Stjórnartíðinda sem gefa lögin formlega út

Vefsíða Alþingis - Lagasafn:
- Nýsamþykkt lög birtast á vefsíðu Alþingis um leið og skjalið hefur verið sent í prentun
- Lagasafnið á vef Alþingis er að jafnaði uppfært tvisvar á ári

Innleiðing:
- Huga þarf að innleiðingu laganna og árangursmati - sbr. fyrirliggjandi verkefnisáætlun og undirbúning málsins að öðru leyti

### Endurstaðfesting samþykktra laga í ríkisráði

Fundir í ríkisráði:
- Á næsta ríkisráðsfundi skal leitað endur-staðfestingar á tillögum fagráðuneyta til forseta Íslands (um framlagningu stjórnarfrumvarps og um staðfestingu á samþykktu lagafrumvarpi)
- Ríkisráð fundar að jafnaði tvisvar á ári, að loknu vorþingi Alþingis og á gamlársdag
- FOR annast milligöngu

Skjöl til ríkisráðs:
- Endurstaðfestingartillaga
- Fylgibréf

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið